

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Skilmálar nr. 304 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í skilmálum hennar, [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Meðgöngutrygging er samsett trygging fyrir móður á meðgöngu og barn hennar í móðurkviði, við fæðingu og fyrsta mánuðinn í lífi þess, þar til það getur fallið undir Barnatryggingu.



Hvað er tryggt?

Dánarbætur eru greiddar:

- ✓ Vegna andláts móður á váttryggingar-tímanum.
- ✓ Vegna andláts barns við fæðingu eða á fyrstu 30 dögnum eftir fæðingu.
- ✓ Vegna fósturláts, andvana fæðingar og þungunarrofs af læknisfræðilegum orsökum.

Sjúkrahúslegutrygging greiðir bætur:

- ✓ Ef váttryggður er lagður inn á sjúkrahús vegna veikinda eða slysa í tengslum við meðgöngu eða fæðingu.

Trygging vegna meðfæddra sjúkdóma greiðir bætur:

- ✓ Ef barn greinist með einhvern af þeim meðfæddum sjúkdómum sem tilgreindir eru í skilmálum.

Trygging vegna meðgöngu- eða fæðingarvanda mála hjá móður greiðir bætur:

- ✓ Ef móðir greinist með meðgöngueitrun.
- ✓ Móðir þarf að gangast undir bráðan keisaraskurð.

Áfallahjálpi greiðir bætur vegna:

- ✓ Kostnaðar við meðferð hjá sálfræðingi eða geðlækni sem hlýst af bótaskyldum atburði í tryggingunni.



Hvað er ekki tryggt?

Dánarbætur eru ekki greiddar:

- ✗ Ef móðir deyr áður en váttryggingin tekur gildi.
- ✗ Vegna andláts barns eftir að 30 dagar eru liðnir frá fæðingu þess.
- ✗ Vegna þungunarrofs af öðrum orsökum en læknisfræðilegum.

Sjúkrahúslegutrygging greiðir ekki bætur:

- ✗ Vegna sjúkrahúsvistar sem er til komin af öðrum orsökum en meðgöngu og fæðingu.

Trygging vegna meðfæddra sjúkdóma greiðir ekki bætur:

- ✗ Ef meðfæddur sjúkdómur greinist eftir að eitt ár er liðið frá fæðingu barns.

Trygging vegna meðgöngu- eða fæðingarvanda mála hjá móður greiðir ekki bætur:

- ✗ Vegna annarra sjúkdóma eða tilfella en þeirra sem upp eru talin í skilmálum.

Áfallahjálpi bætir ekki:

- ✗ Kostnað sem er tilkominn vegna annarra orsaka en bótaskyldum sjúkdómi úr Meðgöngutryggingu.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin greiðir ekki bætur vegna sjúkdóma eða kvilla hjá móður eða fóstri sem greindir eru fyrir gildistöku tryggingarinnar, t.d. við læknisskoðun, ómskoðun eða aðra fósturgreiningu.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið skal greiða við kaup tryggingarinnar. Hægt er að greiða með debet- eða kreditkorti



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi í fyrsta lagi á 17. viku meðgöngu eða á kaupdegi sé hún keypt síðar og gildir í þrjátíu daga frá fæðingu.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Meðgöngutrygging er skammtímatrygging sem þýðir að hún gildir í takmarkaðan tíma og er því ekki uppsegjanleg.